

Mál nr. 65/2010

M v/bifreiðar

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (V)

Umerðaróhapp 25.09. 2009.

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.02. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.03. 2010.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni á malarvegi við litla Fjarðarhorn. Þegar malarvegurinn endaði tók malbik við, sem að sögn M olli því að það hvelsprakk og dekk fór af felgu.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjölun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á ábyrgð V. Ætla verði að tjónið megi rekja til aksturslags M og aðgæsluleysis við akstur bifreiðarinnar þegar hann kom að samskeytum malavegarins og malbiksins.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. mars 2010

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Jón Magnússon hrl.